

## Klettasvæði - Klettagarðar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 19. júní 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 27. júní 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna stækkunar á landfyllingu Sundahafnar. Í breytingunni sem lögð er til felst að deiliskipulagssvæðið er stækkað til norðvesturs þannig að það nái yfir lóð Veitna við Klettagarða 14 og yfir stækkun á landfyllingu Klettagarða í samræmi við heimildir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Á lóð Veitna er skilgreind heimild fyrir núverandi byggingarmagni og notkun ásamt því að lóðin er minnkuð, þannig að göngu- og hjólastígur meðfram sjávarsíðunni sé ekki innan lóðarinnar. Á landfyllingunni eru skilgreindar tvær nýjar lóðir, Klettagarðar 16 og 18, um þær lóðir gilda almennir skilmálar úr deiliskipulagi og skal fjöldi bílastæða vera í samræmi við bíla- og hjólastæða stefnu Reykjavíkurborgar. Heimilt verður að vera með tvær innkeyrslur inn á landsvæði landfyllingar frá Klettagörðum og að nýta landsvæði landfyllingar sem geymslu- og athafnasvæði, þó með fyrirvörum, ásamt því að heimilt verði að vera með tímabundið rútusvæði á landfyllingunni með aðkomu frá Klettagörðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 11. júlí 2024 til og með 23. ágúst 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 23. ágúst 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).



Með kveðju,

**Puríður María Guðmundsdóttir**

skrifstofufulltrúi

---

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í

tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)